

Wolfmeyer gegn Austurríki

Dómur frá 26. maí 2005

Mál nr. 5263/03

8. gr. Friðhelgi einkalífs

14. gr. Bann við mismunun

Refsilöggjöf. Samkynhneigðir.

1. Málsatvik

Kærandi, Thomas Wolfmeyer, er austurrískur ríkisborgari, fæddur 1968. Hann var ákærður, og sakfelldur 23. nóvember 2000 fyrir að hafa tekið þátt í kynferðislegum athöfnum með tveimur karlkyns ungmennum. Varðaði háttsemin við 209. gr. austurrísku hegningarlaganna. Hann var dæmdur til skilorðsbundins sex mánaða fangelsis.

Kærandi áfrýjaði dóminum og í kjölfar þess leitaði áfrýjunardómstóllinn eftir álit stjórnlagadómstóls á því hvort 209. gr. hegningarlaganna væri í samræmi við stjórnarskrá Austurríkis. Taldi stjórnlagadómstóllinn 209. gr. hegningarlaganna ekki í samræmi við ákvæði stjórnarskrár. Kærandi var sýknaður í dómi áfrýjunardómstóls. Kærandi krafðist þess að fá greiddan kostnað vegna málsins. Þrátt fyrir að kostnaður sem kærandi þurfti að leggja út í hefði verið nauðsynlegur vegna máls hans, taldi áfrýjunardómstóllinn austurrísk lög aðeins veita kæranda rétt til greiðslu að hámarki 1.091 evrur. Var sú greiðsla greidd honum sem framlag til kostnaðar hans af vörninni. Þar að auki voru kæranda dæmdar 748 evrur vegna útgjalda.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi 209. gr. austurrísku hegningarlaganna hafa falið í sér mismunun þar sem samræði og/eða aðrar kynferðislegar athafnir gagnkynhneigðra eða lesbískra einstaklinga yfir 19 ára aldri, við ungmenni á bilinu 14-18 ára, með samþykki þeirra síðarnefndu væru ekki refsiverðar. Þá taldi hann meðferð máls hans fyrir austurrískum dómstólum fela í sér mismunun. Taldi hann þetta varða við 8. gr. eina og tekna saman með 14. gr. Ákærði vísaði m.a. til dóma Mannréttindadómstólsins í ***L og V gegn Austurríki*** og ***S.L. gegn Austurríki*** frá 9. janúar 2003 og þeirra röksemda sem kærendur í þeim málum byggðu á.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi kæranda enn þolanda takmörkunar á rétti sínum samkvæmt sáttmálanum sbr. 34. gr. MSE, enda hafði hann ekki fengið fullnægjandi bætur í kjölfar sýknu sinnar á áfrýjunarstigi. Þá hafði hvorki falist í sýknudóminum viðurkenning á því að brotið hefði verið gegn ákvæðum sáttmálans né viðurkenndur réttur kæranda til miskabóta eða fullrar endurgreiðslu málskostnaðar. Dómstóllinn tók fram að hann hefði í sambærilegum málum viðurkennt rétt einstaklings til miskabóta. Þá væri til þess að líta að þættir í einkalífi kæranda höfðu verið gerðir almenningi kunnir. Taldi dómstóllinn að réttindi kæranda skv. 14. gr. MSE, sbr. 8. gr. MSE, hefðu verið brotin. Taldi dómstóllinn ekki nauðsynlegt að taka til skoðunar hvort brotið hefði verið gegn 8. gr. MSE einni.

Dómstóllinn dæmdi kæranda 10.000 evrur í miskabætur og 18.000 evrur í málskostnað og útgjöld á grundvelli 41. gr. sáttmálans.